

Styrktarsamningur vegna sumarliða

Hitt Húsið f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og [Nafn félags/samtaka, kt. XXXXXX-XXXX, heimilisfang] (hér eftir „styrkþegi“) gera hér með sér svohljóðandi samning um styrkveitingu vegna starfa sumarliða árið 2026:

1. gr. Markmið og hlutverk samningsins

Samningur þessi er gerður í tengslum við verkefni á vegum Hins Hússins f.h. Reykjavíkurborgar sem ber heitið „Sumarliðar Reykjavíkurborgar“.

Markmið verkefnisins er tvíþætt,

- að fjölga sumarstörfum fyrir ungt fólk á aldrinum 17–25 ára í Reykjavík, og
- styðja við framkvæmd frístundaúrræða fyrir börn yfir sumartímann á aldrinum 6-12 ára.

2. gr. Framkvæmd

Með samningi þessum skuldbindur styrkþegi sig til að auglýsa og halda sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 6-12 ára. Sumarnámskeiðið skal að meginstefnu til haldið innan borgarmarka og skal fara fram á dagvinnutíma (kl. 08:00-17:00). Styrkþegi skal auglýsa sumarnámskeiðin eftir bestu getu og er jafnframt skylt að auglýsa sumarnámskeiðið á frístundarheimasíðu Reykjavíkurborgar (www.fristund.is) fyrir 1. júní ár hvert.

Þá skuldbindur styrkþegi sig ennfreður til að ganga frá ráðningarsamningi við sumarliða í samræmi við umfang styrkveitingar þessarar. Skal styrkþegi ganga frá ráðningarsamningi við sumarliða þar sem boðin kaup og kjör eru a.m.k. jafngóð þeim lágmarkskjörum sem mælt er fyrir um í viðauka 1.

3. gr. Styrkveiting

Veittur er styrkur vegna sumarstarfs og sumarnámskeiða árið 2026 og skal hinn veitti styrkur alfarið nýttast til að greiða laun og launatengdan kostnað vegna sumarliða og önnur ráðstöfun óheimil með öllu

Styrkurinn er að fjárhæð kr. XX.XXX.XXX,- eða jafnvirði grunnlauna og launatengdra gjalda vegna [X] sumarliða.

Styrkurinn greiðist með eingreiðslu sem innt er af hendi 1. maí 2026.

4. gr. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Styrkþegi skuldbindur sig til að hlíta þeim skilmálum sem fram koma í samningi þessum en jafnframt þeim skilmálum sem tilgreindir eru styrktarreglum vegna sumarliða, sbr. viðauki 2.

Styrkþegi skuldbindur sig til að skila undirrituðum ráðningarsamningi/um við sumarliða sem gerðir eru á grundvelli styrktarsamnings þessa áður en sumarliði/ar hefja störf. Þá skuldbindur styrkþegi sig ennfreður til að skila greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjöri í samræmi

við nánari skilmála í styrktarreglum að verkefni loknu. Þessu til viðbótar getur Reykjavíkurborg óskað eftir upplýsingum, skýringum og gögnum (þ.m.t. bókhaldsgögnum, afritum af launaseðlum og öðrum gögnum sem kunna að varða ráðstöfun styrktarfjár) til að sinna eftirliti með samningi þessum og skal þá styrkþegi veita umbeðnar upplýsingar og gögn.

Styrkþegi skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni, þ.m.t. í auglýsingum vegna sumarnámskeiðs/a, að hann hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagráðum Reykjavíkurborgar sé þess er óskað.

5. Samskipti

Styrkþega er skylt að upplýsa styrkveitanda ef forsendur samnings breytast eða upp koma aðstæður sem hindra réttar og eðlilegar efndir á styrktarsamningi þessum.

Hitt Húsið hefur umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd fyrir Reykjavíkurborg. Tengiliður Hins Hússins er atvinnuráðgjafi/-ar deildar atvinnumála og forvarna.

Ábyrgðaraðili og tengiliður styrkþega er tilgreindur í styrktarumsókn.

Allar upplýsingar og gögn sem styrkþega ber að senda Reykjavíkurborg skulu sendar á netfangið: atvinnumal.hitt.husid@reykjavik.is.

6. Vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu í heild eða að hluta ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Dæmi um slíkan forsendubrest er t.d. ef styrkþegi hefur gert samning við einstaklinga sem uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til sumarliða s.s. varðandi aldur eða lögheimili en í slíku tilviki yrði styrkur til viðkomandi styrkþega lækkaður sem næmi ráðningu þess einstaklings.

Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega.

Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Skal í öllu falli koma til endurgreiðslu styrktarfjár á þessum grunni ef styrktarþegi hefur ekki nýtt styrk í samræmi við markmið samnings þessa fyrir 20. ágúst nk.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími

Samningur þessi gildir frá undirritun og til og með 31. desember 2026.

Samningur þessi er tvær blaðsíður, gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík, _.

f.h. styrkþega

f.h. Reykjavíkurborgar

Viðauki 1 Lágmarksviðmið vegna launakjara sumarliða
Viðauki 2 Reglur um styrkveitingar vegna sumarliða

DRÖG

Viðauki 1:

Laun sumarliða skulu að lágmarki vera samkvæmt samkomulagi borgarinnar við Sameyki:

- lágmarkslaun fyrir 17 ára skulu að lágmarki nema fjárhæð kr. ☒ á mánuði og
- lágmarkslaun fyrir 18-25 ára skulu að lágmarki nema fjárhæð kr. ☒ á mánuði.

Styrkþegi skal ganga frá skriflegum ráðningarsamningi við sumarliða sem fullnægir þeim kröfum sem gerðir eru til ráðningarsamninga almennt í kjarasamningum og skv. tilskipun 91/533/EBE, þar sem ftilgreina skal a.m.k.:

- helstu upplýsingar um aðila samnings, þ.m.t. kennitölur
- lýsingu á starfssviði
 - o starfsheiti (staða, eðli eða tegund starfs),
 - o stutt lýsing á starfi,
 - o vinnustað, en sé ekki um fastan vinnustað að ræða skal tilgreina hvar vinna fer jafnaðarlega fram.
- vinnutíma (lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku)
- laun (fyrir dagvinnu og yfirvinnu, vaktaálag, bónusa hlunnindi, ef slíkt á við)
- ráðningartíma
- uppsagnarfrest
- orlofsrétt
- áunnin réttindi
- lífeyrissjóð
- tilvísun til gildandi kjarasamnings og hlutaðeigandi stéttarfélags
- önnur atriði sem aðilar sammælast um en leiða ekki til verri réttar til handa sumarliðum en skilyrði styrktarsamnings og -reglna kveða á um.

Athygli er vakin á því að form sem fullnægja framangreindum kröfum eru aðgengileg inn á heimasíðum einhverra stéttarféлага.